

Fundargerð 10. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 4. apríl 2014, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Guðlaugur H. Sigurjónsson, Berglind Kristinsdóttir, Ásgeir Margeirsson, Magnús Stefánsson, Þorsteinn Gunnarsson, Guðjón Þ. Kristjánsson, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjanes).

1. Fjölgun aðila að Reykjanes jarðvangi

Erindi frá Sigrúnu Árnadóttur, formanni stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja lagt fram. Stjórn er áhugasöm fyrir aðild Þekkingarseturs Suðurnesja að Reykjanes jarðvangi og myndi fagna aðkomunni. Róbert falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

2. Stefnumótunarvinna fyrir Reykjanes jarðvang

Drög að stefnumótun lögð fram. Drögunum vísað til umfjöllunar hjá aðlum jarðvangsins og er óskað eftir athugasemdum fyrir 9. maí nk.

3. Staða framkvæmda og merkinga

Eggert fór yfir stöðu framkvæmda og merkinga. Framkvæmdum er að mestu lokið við Brú milli heimsálfa. Samþykkt að nota styrk frá Menningarráði Suðurnesja til merkinga á Skagagarðinn, Staðarborg og Kleifarvatn.

4. Jarðvangsvika 2014

Drög að dagskrá jarðvangsviku sem fram fer í annað sinn 2.-8. júní nk. lögð fram.

5. Samstarf jarðvanga á Íslandi

Fundargerð samráðsfundar íslenskra jarðvanga frá því 20. mars sl. lögð fram.

6. Kynning frá Locatify

Leifur Björnsson frá Locatify mætti á fundinn kl. 10 og kynnti app-lausnir sem gætu hentað jarðvangnum og starfsemi hans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45.

Fundargerð ritaði: ESJ